

Fréttapistill frá forseta Íslands

29. mars 2020

Kæru landsmenn: Dagar og vikur líða núna á aðra vegu en við gátum gert okkur í hugarlund fyrir skömmu. Enn sendi ég þeim, sem nú glíma við veikindi, bestu óskir um góðan bata. Einnig færi ég öllum í einangrun eða sóttkví hlýjar kveðjur. Loks vona ég að þeir, sem orðið hafa fyrir búsigfum að undanfögnu, muni þrauka þar til úr rætist í efnahagslífi landsins. Þar munu aðgerðir ríkisstjórnar og Alþingis skipta máli.

Að þrauka, vel á minnst: Fólk fer flest eftir tilmælum og leiðbeiningum okkar ágætu forystusveitar í veiruvörnum. Þetta ber að þakka og virða en munum um leið að það er brekka fram undan. Vandinn verður ugglaust viðameiri áður en við náum að fagna sigri. Sýnum því áfram þá þrautseigju sem þarf þegar á reynir. – Og nú bara verða allir að virða ákvæði um samkomubann, fjöldatakmörkanir og æskilega fjarlægð milli ókunnugra. Allir hlýði Víði! Leitt er að heyra þau orð hans á fréttamannafundum dag eftir dag að fullmargir sniðgangi fyrirmæli eða átti sig ekki á nauðsynlegum vörnum um þessar mundir.

Það eru holl ráð, sem heyrst hafa, að gott sé að reyna að halda einhvers konar aga og reglu við þessar erfiðu og dæmafáu aðstæður. Hér kemur því reglubundinn pistill minn, venju samkvæmt. Vissulega er þó leitt að líta yfir fyrirhugaða dagskrá liðinnar viku og sjá hvern viðburðinn á fætur öðrum sem fresta varð eða fella niður vegna veirunnar skæðu og viðbragða til að halda henni í skefjum. Um þetta þýðir þó ekki að fást.

Gott er til þess að vita að fólk hefur hugsað í lausnum þar sem því hefur verið við komið. Um þessa helgi stóð til að halda alþjóðlega ráðstefnu við Háskólann á Akureyri, Vísindaviku norðurlóða. Þangað var von á fjölda gesta en í stað þess að blása viðburðinn af var hann færður á netið. Í streymi fluttu fyrirlesarar erindi og þátttakendur skiptust á skoðunum. Ég flutti opunarávarp og má sjá það hér: <https://www.forseti.is/.../2020-03-27-v%C3%ADsindavika.../>.

Í erindinu minnti ég á mikilvægi vísinda, að vísindamenn muni eflaust með rannsóknnum sínum og fræðum vinna bug á veirunni, rétt eins og við þekkjum ótal framfarir á því sviði fyrr á tíð, framfarir sem hafa bjargað milljónum mannlífa og gera það enn. Árið 1839 samdi Jónas Hallgrímsson óð til heiðurs franska fræðimanninum Paul Gaimard og geymir hann þessar snjöllu línur um mikilvægi vísindanna:

Vísindin efla alla dáð,
orkuna styrkja, viljann hvessa,
vonina glæða, hugann hressa,
farsældum vefja lýð og láð.

Að undanfögnu hef ég sent þjóðhöfðingjum Norðurlanda og Eystrasaltslanda kveðjur með hlýjum óskum til íbúa þar og vonum um að vel gangi að berja veiruna niður.

Haraldur Noregskonungur og Sonja drottning sitja nú í sóttkví í Öryggisskyni. Konungur sendi okkur Íslendingum fallega kveðju sem sjá má á heimasíðu norsku hirðarinnar og forsetaembættisins:

<https://www.kongehuset.no/nyhet.html?tid=182806&sek=26939>

<https://www.forseti.is/.../2020-03-21-kve%C3%Boja.../>

Í nýliðinni viku sendi ég jafnframt starfsfólki í skólum landsins þakkir fyrir þeirra mikla starf þessa mæðusömu daga. Svipaða kveðju sendi ég afgreiðslufólki, starfsliði í ferðaþjónustu og öllum sem sinna þjónustustörfum í landinu. Þær kveðjur má sjá hér:

<https://www.forseti.is/.../2020-03-24-kve%C3%Boja-til.../>

<https://www.forseti.is/.../2020-03-24-kve%C3%Boja-til.../>

Þessar kveðjur og fyrri kveðjur til heilbrigðisstarfsfólks hafa verið þýddar á ensku og pólsku og má sjá þær hér að neðan. Ég hef komið þeim seinni á framfæri við samfélag Pólverja á Íslandi en vilji lesendur þessara orða koma þessum kveðjum á framfæri við þá íbúa landsins, sem ekki kunna íslensku vel, þætti mér að sjálfsgöðu vænt um það:

<https://www.forseti.is/.../2020-03-24-messages-of-gratitude/>

<https://www.forseti.is/.../2020-03-24-podzi%C4%99kowania.../>

Í gær, laugardag, brá ég undir mig betri fætinum með fjölskyldunni. Við fórum Gullna hringinn svonefnda, stöldruðum við á Þingvöllum, við Gullfoss og Geysi og hittum marga landa okkar. Flestir virtu fjarlægðarregluna góðu, að hafa tvo metra milli ókunnugra (einn Daða Frey), og gaman var að halda á þessa fögru staði í fallegu veðri.

Hér á Bessastöðum er bangsi kominn út í glugga, eða dúkka réttara sagt. Ég spurði dóttur okkar Elizu hvort hún gæti lánað okkur fallegan bangsa í þessu skyni og hún valdi dúkkuna. Hún situr núna í glugga í „Thomsen“, vistarveru í Bessastaðastofu sem kennd er við Grím Thomsen skáld og má sjá myndir af henni með þessum pistli.

Ég vitnaði áðan í Jónas Hallgrímsson, eitt höfuðskáld okkar Íslendinga, og vísuorð hans um vægi vísindanna. Jónas fótbrotnaði og lést af völdum þess árið 1845. Um okkar daga verður slíkt mein fólki ekki að fjörtjóni í okkar heimshluta. Og aðeins um Grím Thomsen Bessastaðabónda: Ári síðar dvaldist hann í París og fékk fregnir að heiman í bréfi frá Brynjólfi Péturssyni, sem taldist ásamt Jónasi og öðrum til hinna frægu Fjölnismanna. Ill tíðindi flutti Brynjólfur: „Þú munt líka helzt vilja heyra eitthvað heiman frá Íslandi. En þaðan er ekkert gott að fréttu. Mislingarnir komu þangað með fyrsta skipi í vor til Hafnarfjarðar og dreifðust skjótt út yfir allt landið; lagðist svo að segja hver maður, svo heyverk hafa alls staðar orðið lítil.“

Við lifum á framfaraöld, þrátt fyrir allt. Þrátt fyrir ærinn vanda okkar núna mun birta til. Ég ítreka góðar kveðjur mínar til heilbrigðisstarfsfólks og allra þeirra sem vinna nú hörðum höndum að því að vernda líf og heilsu okkar. Og öllum landsmönnum óska ég að venju velfarnaðar.